

**111 Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Dalasýslu um endur-
1. nóvbr. gjald á veittum sveitarstyrk.**

Jafnframt því að skýra frá því, að hreppsnefnd Fellstrandarhrepps hafi eigi viljað una við úrskurð yðar, dags. 1. febr. þ. á., er ákveður að tjeður hreppur skuli endurgjalda Skarðstrandarhreppi fátækra styrk veittan árið 1902 Jóni nokkrum Guðbrandssyni, og því óskað honum áfrýjað til stjórnarráðsins, hafið þjer, herra sýslumaður, með brjefi dags. 24. júní þ. á., sent hingað nefndan úrskurð yðar og hin önnur skjöl málsins.

Útaf þessu skal yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að stjórnarráðið telur nefndan úrskurð yðar rjettan, skal hann standa óraskaður.

Úrskurður sýslumanns.

Máli þessu er þannig varið, að 12. febr. 1902 bað Jón Guðbrandsson í Skáley í Skarðstrandarhreppi hreppsnefnd hreppsins um 20 króna styrk úr sveitarsjóði; sama dag gjörði oddvitinn aðsjón hjá Jóni ásamt öðrum manni og með því að heimilið reyndist því nær bjargarlaust, veitti hreppsnefnd Jóni 15 króna styrk úr sveitarsjóði í kornmat, og tilkynnti 24. s. m. hreppsnefnd Fellstrandarhrepps styrkveitinguna og krafðist endurgjalds á henni. Með brjefi dags. 15. marz s. á. neitaði hreppsnefnd Fellstrandarhrepps að greiða upphæðina, af þeim ástæðum, að beiðni frá Jóni um styrk og aðsjónargjörð hjá honum hefði ekki fylgt kröfu Skarðstrandarhrepps og af því að Jón gæti sjálfur endurborgað upphæðina.

Eptir þetta virðist máli þessu ekki hafa verið hreyft fyrri en hreppsnefnd Skarðstrandarhrepps í brjefi til sýslumannsins frá 6. maí þ. á., er barst honum 11. júní, baðst aðstoðar hans til þess að hreppsnefnd Fellstrandarhrepps greiddi styrkinn af hendi; þessu brjefi fylgdi beiðni Jóns um styrk og aðsjónargjörð frá 12. febr. 1902 og úttektarseðill til hreppsnefndar Skarðstrandarhrepps frá Skarðstaðarverzlun, voru skjöl þessi send hreppsnefnd Fellstrandarhrepps 18. júní.

Í brjefi dags. 8. ágúst til sýslumannsins neitaði hreppsnefnd Fellstrandarhrepps enn að greiða fátækra sjóði Skarðstrandarhrepps hinn umrædda sveitastyrk af þessum ástæðum:

1) að sönnunarskjölin fyrir rjettmæti styrkveitingarinnar hafi ekki komið fram fyr en meir en 2 ár voru liðin frá veitingunni og hafi því hreppsnefnd Skarðstrandarhrepps fyrirgjört rjetti sínum til endurgjalds styrknum með drætti þessum.

2) að ólíklegt sje að Jón hafi ekki getað sjálfur endurborgað hann.

3) að hreppsnefndin hafi ekki þurft að veita Jóni styrkinn, en hefði getað skýrt hreppsnefnd Fellstrandarhrepps frá beiðni Jóns og látið hana um það, hvort hún vildi veita Jóni fátækra styrk eða greiða honum úr sveitarsjóði meðlag með dóttur hans, sem er fábjani og sveitlæg í Fellstrandarhreppi, en það meðlag hafði nefndin komið sjer hjá að greiða Jóni haustið áður á niðurjöfnunarfundi. En ástæður þessar fæ jeg ekki sjeð, að geti losað Fellstrandarhrepp við endurgjaldsskylduna. Með því að tilkynningin um styrkveitinguna var strax send hreppsnefnd Fellstrandarhrepps, getur hreppsnefnd Skarðstrandarhrepps ekki hafa fyrirgjört rjetti sínum, þó að hún, eptir það, hafi dregið málið, eins og hún segir, til þess að vita, hvort Jón kynni ekki sjálfur að endurborga styrkinn eins og hreppsnefnd Fellstrandarhrepps ætlast til í brjefi sínu frá 15. marz 1902. Í öðru lagi bar hreppsnefnd Skarðstrandarhrepps enga skyldu til þess að gjöra frekara til þess að fá styrkinn endurborgaðan hjá Jóni og enda

ósannað að hann hafi getað endurborgað hann, og í þriðja lagi bar hreppsnefnd Skarðstrand 111 arhrepps enga skyldu til þess að bera undir hreppsnefnd Fellstrandarhrepps, hvort veita ætti 1. nóvbr. Jóni fátækrastryk eða ekki.

Með því að engiun ágreiningur er um sveitfesti Jóns Guðbrandssonar, álit jeg að hreppsnefnd Fellstrandarhrepps beri að greiða fátækrastrjóði Skarðstrandarhrepps hinn umrædda fátækrastryk að upphæð 15 kr.

Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans í Reykjavík um að Kefla- 112
vík í Gullbringusýslu verði gjörð að póstafrgreiðslustað. 7. nóvbr.

Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, í brjefi dags. 30. f. m., skal hjer með ákveðið, að í stað brjefhirðingar þeirrar, sem nú er í Keflavík, verði þar sett á stofn póstafrgreiðsla frá næsta nýjári að telja.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til frekari ráðstafana eptir því, sem við á.

Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans í Reykjavík um að Húsa- 113
vík í Sudurþingeyjarsýslu verði gjörð að póstafrgreiðslustað. 7. nóvbr.

Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, í brjefi dags. 30. f. m., skal hjer með ákveðið, að í stað brjefhirðingar þeirrar, sem nú er í Húsavík, verði þar sett á stofn póstafrgreiðsla frá næsta nýjári að telja.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til frekari ráðstafana eptir því, sem við á.

Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans í Reykjavík um flutning 114
póstafrgreiðslunnar á Borgum í Nesjahreppi að Hólum í sama 7. nóvbr.
hreppi. (Ágrip).

Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, í brjefi dags. 16. sept. þ. á., hefir stjórnarráðið ákveðið, að póstafrgreiðslan á Borgum í Nesjahreppi í Austur-skapafellssýslu skuli flutt að Hólum í sama hreppi.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um end- 115
urgjald á veittum sveitarstyrk. 21. nóvbr.

Sýslumaðurinn í Árnassýslu hefir lagt undir úrskurð stjórnarráðsins ágreining milli hreppsnefndanna í Hrunamannahreppi í tjeðri sýslu og Sauðárhrepps í sýslu yðar, herra sýslumaður, útaf sveitarstyrk veittum Hafliða nokkrum Gunnarssyni veturinn 1903—1904.